

# HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

## STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Tjarnarland ehf.  
kt. 620518-3280

Starfsstöð: Tjarnarland, 701 Egilsstaðir  
Fastanúmer: 217-4157

Leyfið gildir frá dd. mm 2026 til dd. mm 2038

### Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Sölu á gistingu
- Vatnsveitu sem þjónar starfsemi

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og matvælalaga nr. 93/1995 m.s.br.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemi kanna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Að jafnaði skal endurskoða starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

nn,  
heilbrigðisfulltrúi



HAUST

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

# Starfsleyfisskilyrði

## Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Tjarnarland ehf., kt. 620518-3280

Starfsstöð: Tjarnarland, 701 Egilsstöðum

Fastanúmer: 217-4157

Leyfið gildir frá dd. mm 2026 til 31. maí 2030

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- Sölu á gistingu
- Vatnsveitu sem þjónar starfseminni

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum, á grunni umsóknar dags. 19. desember 2025.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

Lög nr. 93/1995 um matvæli m.s.br.

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem Reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti m.s.br.

## 1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda.

---

### 1.1. Sala á gistingu

Um er að ræða starfsleyfi fyrir sölu á gistingu í húsi á jörð Tjarnarlands, við útgáfu starfsleyfis var fastanúmer hússins ekki þekkt. Í húsinu eru 3 svefnherbergi hvert um sig fyrir 2 gesti, opið rými með stofu borðstofu og eldhúsi, í stofunni er svefnsófi fyrir 2 gesti. Salerni og sturta eru í sitt hvoru rýminu. Samtals er gisting fyrir 8 manns.

Meðal annars skal farið eftir:

- Lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald
- Reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
- Starfsleyfisskilyrðum fyrir gististaði, minna gistiheimili. Fylgiskjal 1.

### 1.2. Vatnsveita

Um er að ræða einkavatnsveitu í rekstri starfsleyfishafa. Vatnsveitan er borhola sem er staðsett í grónu landi ekki langt frá íbúðarhúsinu að Tjarnarlandi.

Meðal annars skal farið eftir:

- Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.
- Reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.

#### Innra eftirlit vatnsveitu

Til þess að tryggja gæði og öryggi neysluvatns ber rekstararaðila að viðhafa innra eftirlit vegna starfseminnar. Eftirtalda þætti þarf að skoða að lágmarki árlega en oftar ef þurfa þykir:

- Athuga girðingar umhverfis vatnsból og lafæra þær ef þurfa þykir.
- Athuga hvort hætta sé á að meindýr komist í vatnsbólið.
- Ganga úr skugga um að ekkert sem spillt geti vatnsbóli sé í nánasta umhverfi þess. Sérstaklega er athugað að dýrahæ og annað sem valdið geti mengun séu fjarlægð.

Þá þarf að fylgjast reglulega með síum í vatnsleiðslum og krönum. Skipta skal um síurnar eftir þörfum.

Ef vart verður við óeðlilega breytingu á neysluvatni skal taka sýni til rannsóknar á viðurkenndri rannsóknarstofu. Sama gildir ef vart verður mengunar í nágrenni vatnsbóls sem ætla mætti að geti spillt gæðum neysluvatns.

## 2. Annað sem varðar starfsemina.

---

### 2.1. Fráveita

Fráveita frá húsinu er leidd í rotþró en stærð hennar er óþekkt og ekki er vitað hvort hún er tengd við siturlagnir. Heilbrigðiseftirlit Austurlands áskilur sér rétt á að gera kröfur um lagfæringar og eða stækkun fráveituvirkja. Krafa er um að starfsleyfishafi fylgist vel með rotþróinni og grípi strax til aðgerða verði mengunar vart.

Um fráveitur gilda m.a.

- Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ

### 2.2. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins. Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinnna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku samkvæmt reglum þar um.

Um úrgang gilda m.a.

- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni

### 2.3. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

dd. mm 2026  
Virðingarfyllst,  
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

nn  
heilbrigðisfulltrúi